**Starfsáætlun stjórnar Sálfræðingafélags Íslands**
**fyrir starfsárið 2020-2021**
**Lögð fram á aðalfundi 25. febrúar 2020**

**Megináherslur starfsársins**

- Aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu
    - Áframhaldandi fundir með ráðamönnum, samráð við hagsmunasamtök og félög, greinaskrif.
    - Skoða frekari útfærslur á opinni fræðslu fyrir almenning tengdu Sálfræðiþingi.
    - Vinna að útfærslu til að fræða almenning um kosti þess að meðferðaraðili sé sálfræðingur.
- Þjálfunarár að loknu framhaldsnámi
    - Eftirfylgni eftir vinnu ráðuneytis.
- Sérfræðinám
    - Skoða möguleika fyrir sálfræðinga til að öðlast sérfræðiréttindi, skoða hvetjandi leiðir og möguleika hérlendis.
    - Virkja Fagráð félagsins til að koma að þessari vinnu.
- Staða vitsmunaþroskaprófa
    - Eftirfylgd með skýrslu vinnuhóps
- Útfæra leiðir til að meta þjónustuþörf félagsmanna í ólíku vinnuumhverfi
- Áfram unnið að því að skrá sögu félagsins
- Prófasafn
    - Unnið hefur verið gott starf af hendi prófanefndar ásamt fleirum og verkefnið langt komið. Áfram verður unnið að þessu verkefni.
- Erlent samstarf
    - Áframhaldandi vinna í umsóknarferli vegna EuroPsy.
    - Áframhaldandi samstarf með öðrum Norðurlandaþjóðum.
- Kjaramál
    - Samningar við Reykjavíkurborg, ríkið og sveitarfélögin losnuðu 31. mars 2019. Áframhaldandi kjaraviðræður við alla aðila og ná ásættanlegum samningum við alla aðila.
    - Uppfæra stofnanasamninga eftir að samningum er náð.
    - Ljúka við að innleiða starfsmat hjá sveitarfélögum.
    - Áframhaldandi vinna með trúnaðarmönnum SÍ og markmiðið að efla það starf frekar og fá inn fleiri trúnaðarmenn.
    - Undirbúningsvinna fyrir samning við Sjúkratryggingar Íslands, endurbættan fyrir börn eða ný lög sem er í vinnslu hjá Alþingi.
        - Með aðkomu Fagráðs, FSS, FSKS og félagsmönnum.
- Heimasíða
    - Vinna að aðgengilegri heimasíðu
- Gættu að geðheilsunni
    - Vinna að því að koma fræðslusíðum í virkni og flytja síðuna